

---

## Stækkun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði

### Álit um mat á umhverfisáhrifum

---

## 1 Inngangur

### 1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 28. júlí 2022 lögðu Fjarðabyggðarhafnir fram umhverfismatsskýrslu um stækkun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar, sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 5. ágúst 2022 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu og á vef Austurfrétta 4.-11. ágúst. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 5. ágúst til 19. september 2022 á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar og hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Fjarðabyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfistofnunar, Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.

### 1.2 Gögn

#### Framlögð gögn framkvæmdaraðila

Umhverfismatsskýrsla: Uppbygging 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar í Fjarðabyggð – Umhverfismatsskýrsla, 28. júlí 2022. Fjarðabyggð og Alta.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 29. september og 6. október 2022..

#### Umsagnir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá: Fjarðabyggð 12. október 2022, Hafrannsóknastofnun 16. september 2022, Minjastofnun Íslands 19. september 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 19. september 2022, Orkustofnun 5. október 2022, Umhverfistofnunar 1. september 2022 og Vegagerðinni. 28. september 2022.

### 1.3 Forsaga

Uppbygging Mjóeyrarhafnar að Hrauni í Reyðarfirði hófst árið 2005 samhliða uppbyggingu álvers Alcoa Fjarðaáls. Þá lá fyrir umhverfismat sem unnið var fyrir 1. áfanga uppbyggingarinnar og landfyllingar sem henni tengdist (mynd 1). Fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar frá árinu 2001 þar sem fallist er á 1. áfanga uppbyggingar. Í framhaldi af uppbyggingu 1. áfanga hefur verið haldið áfram uppbyggingu 2. áfanga stækkunarinnar og hefur þegar verið gerð 10,6 ha landfylling (mynd 1) og því einungis eftir að útbúa tæplega 2 ha landfyllingu auk þess sem framkvæmdum við grjótvörn er lokið. Vegna fyrirséðrar ásóknar í lóðir á iðnaðar- og hafnarsvæðinu við Mjóeyrarhöfn




er hafin frumhönnun á svæðum fyrir 3. og 4. áfanga bæði vestan og austan núverandi hafnarsvæðis og svæðis 2. áfanga.

## 2 Framkvæmd

### 2.1 Framkvæmdalýsing

Í köflum 2.1 til 2.5 í umhverfismatsskýrslu er að finna lýsingu á framkvæmdum við stækkun 2. áfanga en framkvæmdir skv. þeim áfanga felast í lengingu núverandi Mjóeyrarbryggju til vesturs um 50-70 m með stálþili og gerð nýrrar bryggju, Framnesbryggju, með nýjum 530-550 m hafnarkanti með stálþili. Stálþilskanturinn við Framnesbryggju mun koma í beinu framhaldi af Mjóeyrarbryggju til vesturs og mun hafnarkantur beggja bryggja þannig verða samfelldur stálþilskantur. Framkvæmdum við stálþilskant er skipt niður í þrjá áfanga A, B og C (mynd 1). Þá liggur fyrir að í 2. áfanga felst einnig stækkun hafnarsvæðis Mjóeyrarhafnar um 12,5 ha með landfyllingu, sem nær frá upphaflegri strandlínu að bryggjuþiljum stækkaðrar Mjóeyrarbryggju og nýrrar Framnesbryggju auk um 1 ha grjótvagnar fyrir viðlegu hafsögubáts vestast á athafnasvæðinu. Ráðgert er að hægt verði að ljúka við 2. áfanga á næstu 2 til 5 árum.



Mynd 1. Afmörkun 2. áfanga. (Úr umhverfismatsskýrslu).

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að gróflga áætlað þá hafi þurft um 1.500.000 m<sup>3</sup> af efni í þá 10,6 ha landfyllingu sem nú þegar hafi verið útbúin. Ekki liggur fyrir nákvæmt yfirlit um hvaðan efnið hefur komið, en m.a. er um að ræða efni sem féll til við byggingu álversins og mótun lóðarinnar undir það auk efnis sem fallið hefur til við mótun hafnarsvæðisins til norðurs. Loks hafa um 200.000 m<sup>3</sup> af efni komið frá efnistökusvæði á hafsbotni við Eyri, um 50.000 m<sup>3</sup> frá efnistökusvæði í Ljósá og einnig hafa um 45.000 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni frá Reyðarfjarðarhöfn verið nýttir. Fram kemur að áætluð heildar efnisþörf fyrir þá 1,9 ha landfyllingu sem enn á eftir að útbúa sé um 210.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að nýta um 120-130.000 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni frá Eskifjarðarhöfn, um 80-90.000 m<sup>3</sup> munu falla til úr skeringum við landmótun á hafnarsvæðinu eða munu koma frá efnistökusvæðum við Eyri eða í Ljósá en bæði þessi efnistökusvæði hafa hlotið málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat.



Meðferð ofanvatns. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að berggrunnurinn á og fyrir ofan Mjóeyrarhöfn sé mjög þéttur og því renni stærstur hluti ofanvatns sem yfirborðsvatn. Útbúinn hefur verið farvegur í Hölknalæk, fyrir ofanvatn sem rennur frá vatnasviði svæðisins fyrir ofan hafnarsvæðið og meðfram því norðanverðu og út í sjó. Öllu ofanvatni sem fellur á hafnarsvæðið, vegi og lóðir innan þess, er hins vegar komið í sérstakt ofanvatnskerfi hafnarinnar og síðan dælt í skólphreinsistöð á hafnarlóð. Meðferð og hreinsun ofanvatns af lóðum og hafnarsvæðinu verður að öðru leyti í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

### 3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð og óveruleg áhrif, óviss áhrif, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 45-46 í umhverfismatsskýrslunni.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila og umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

#### 3.1 Lífríki á sjávarbotni

##### 3.1.1 Mat Fjarðabyggðarhafna

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að forkönnun á lífríki botns á grunnsævi neðansjávar við hafnarsvæði Mjóeyrarhafnar, í um 300 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði 2. áfanga, hafi verið gerð árið 1999 til að kanna hvað einkenndi viðkomandi svæði og hvort á svæðinu væru einhverjar sérstakar tegundir sem vert væri að vernda. Hins vegar eru ekki til upplýsingar um lífríki á botni sjávar, þar sem landfylling skv. 2. áfanga hefur þegar verið útbúin en sjávarlíffræðingur telur að leiða megi líkum að því að uppfyllingin hafi ekki raskað einstöku búsvæði miðað við fyrrnefnda forkönnun en að gera megi ráð fyrir að við gerð landfyllingarinnar hafi verið töluvert álag á botninn rétt utan hennar og líklegt að umtalsverður framburður setagna hafi orðið úr landfyllingunni. Slíkur framburður getur breytt verulega umhverfi lífveranna á botninum, valdið breytingum á fæðuframboði í setinu auk þess sem botnfall eða regn setagna getur skapað álag á þær lífverur sem lifa á botninum. Líklegt er því að lítið sé eftir af upprunalega lífríkinu rétt utan við landfyllinguna.

##### 3.1.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Eins og fram hefur komið er um sérstæða stöðu að ræða varðandi framkvæmdir við stækkun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar og umhverfismat. Þar sem framkvæmdir við þennan 2. áfanga hafa verið í gangi yfir tiltekið árabíl og búið að útbúa landfyllingu að stórum hluta með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífríki á sjávarbotni án þess að rannsóknir á framkvæmdasvæðinu hafi farið fram er óvissa um þau áhrif sem framkvæmdir hafa haft og frekari framkvæmdir við hafnargarð munu hafa. Framkvæmdaraðili fékk sjávarlíffræðing til að álykta um hugsanleg áhrif og fyrir liggur fyrrgreind niðurstaða hans um að uppfyllingin hafi ekki raskað einstöku búsvæði. Náttúrufræðistofnun telur erfitt að fullyrða um vægi áhrifa þegar litlar upplýsingar eru um stöðu lífríkisins á sjávarbotni næst Mjóeyrarhöfn síðustu tuttugu ár eða svo og Hafrannsóknastofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun að upplýsingar um ástand botndýralífs hefðu þurft að liggja fyrir. Skipulagsstofnun telur ámælisvert að framkvæmdir við 2. áfanga stækkunarinnar hafi hafist og séu langt komnar án undangengis mats á umhverfisáhrifum sem gerir það að verkum að áhrif m.a. á sjávarlífriki eru þegar að töluverðu leyti komin fram og umfang þeirra óvíst. Hins vegar er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir við landfyllingu og hafnarkant til að ljúka við 2. áfanga munu hafa með sér talsvert frekara rask og hafa neikvæð áhrif á lífríki á sjávarbotni.



Fyrir liggur að fyrirhugað er að ráðast í mat á 3. og 4. áfanga stækkunarinnar en þeir áfangar verða annars vegar rétt vestan við framkvæmdasvæði 2. áfanga og hins vegar austan við hafnarsvæði 1. áfanga. Rannsóknir á botndýralífi á framkvæmdasvæði þeirra áfanga eru þegar hafnar á vegum Náttúrustofu Austurlands. Miðað við þá sérstöku stöðu sem er fyrir hendi í þessu máli telur Skipulagsstofnun að gera þurfi ráð fyrir að áætlun um vöktun sé birt fyrir alla 3 áfangana í umhverfismatsskýrslu 3. og 4. áfanga sem tæki þá mið af rannsóknum Náttúrustofu Austurlands. Þær rannsóknir munu gefa upplýsingar um stöðu lífríkisins og mögulega hvort eða hvaða breytingar hafa átt sér stað síðan framkvæmdir og rekstur Mjóeyrarhafnar og álvers Alcoa Fjarðaáls hófst. Meðal annars þurfa að koma fram upplýsingar um hvort framandi, ágengar tegundir sé að finna í og við Mjóeyrarhöfn og ástand sjávar á og við hafnarsvæðið m.t.t. mengunar eins og Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á. Á grunni þeirra væri unnt að leggja mat á hugsanleg áhrif á lífríki sjávarbotns sem þegar hafa orðið og áhrif sem munu verða vegna fyrirhugaðra framkvæmda við 3. og 4. áfanga.

## 3.2 Lífríki fjöru

### 3.2.1 Mat Fjarðabyggðarhafna

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að samkvæmt upplýsingum í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands séu engin svæði s.s. sjávarfitjar eða leirur, sem njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd, á þróunarsvæði Mjóeyrarhafnar. Umtalsverðar upplýsingar eru fyrir hendi um lífríki í fjörunni þar sem nú hefur verið útbúin landfylling í 2. áfanga en ítarleg forkönnun var unnin á og við hafnarsvæði Mjóeyrarhafnar árið 1999. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru þær að lífsamfélög í fjöru á verksmiðjulóð virðast að flestu leyti vera svipuð og víðast annars staðar í Reyðarfirði, einkum í firðinum innanverðum. Fjöldi lífvera er á svæðinu en fjörlífið er fremur fátæklegt að fjölbreytni þegar á heildina er litið. Engar sjaldgæfar tegundir dýra eða þörungna fundust í fjörum við þessa rannsókn og fátt ef nokkuð sem kom á óvart. Í ljósi ofangreinds er það mat framkvæmdaraðila að þær framkvæmdir sem hafa átt sér stað skv. 2. áfanga og þær sem eru fyrirhugaðar hafi ekki og muni ekki raska einstökum fjörum. Auk rannsókna á lífríki á sjávarbotni mun Náttúrustofa Austurlands vinna rannsóknir á lífríki fjöru á aðliggjandi svæðum vegna uppbyggingar 3. og 4. áfanga Mjóeyrarhafnar.

### 3.2.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Fyrir liggja rannsóknir á lífríki fjöru á því svæði sem landfylling skv. 2. áfanga hefur verið útbúin og að skv. þeim hefur fjörum sem njóta verndar eða búa yfir sérstæðu lífríki ekki verið raskað. Engu að síður telur Skipulagsstofnun að við svo umfangsmiklar framkvæmdir hafi óhjákvæmilega orðið staðbundið nokkuð neikvæð áhrif á lífríki fjöru sem hefur horfið á allstöru svæði.

## 3.3 Landslag og ásýnd

### 3.3.1 Mat Fjarðabyggðarhafna

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að áður en framkvæmdir hafi hafist við höfnina hafi Mjóeyri verið flöt malareyri sem skagað hafi út í fjörðinn. Landfylling skv. 2. áfanga Mjóeyrarhafnar hefur verið lögð ofan á eyrina og náttúrulegt landslag strandarinnar því tekið breytingum og umhverfið orðið manngert. Hins vegar hefur ásýnd þessa hluta Reyðarfjarðar þegar verið orðið manngert þegar hafist var handa um uppbyggingu 2. áfanga þar sem hafnarsvæði með tilheyrandi mannvirkjum hafi þegar verið komið skv. 1. áfanga. Engu að síður mun landfylling skv. 2. áfanga og frekari framkvæmdir skv. áfanganum gera það að verkum að ásýnd hluta Reyðarfjarðar mun fá meira áberandi manngert yfirbragð þó að áhrif á ásýnd séu að mestu þegar komin fram með



uppbyggingu 1. áfanga Mjóeyrarhafnar og því eru neikvæð áhrif á landslag og ásýnd talin verða óveruleg.

### 3.3.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Ljóst er að núverandi höfn og umfangsmikil álversmannvirki hafa nú þegar breytt ásýnd Reyðarfjarðar á stóru svæði á norðurströnd fjarðarins. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að frekari framkvæmdir skv. 2. áfanga munu að einhverju leyti auka manngert yfirbragð þessa hluta Reyðarfjarðar en ljóst er að neikvæð áhrif á náttúrulegt landslag eru að mestu leyti þegar komin fram að því marki að áhrif framkvæmda við 2. áfanga á ásýnd og landslag munu ekki verða veruleg.

## 3.4 Hávaði og ónæði

### 3.4.1 Mat Fjarðabyggðarhafna

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að næsta búseta sé í um 3 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og næsta þéttbýli sé Reyðarfjörður sem sé í um 3,5 km fjarlægð. Íbúar kunna að verða varir við framkvæmdir og aukna umferð vegna efnisflutninga á framkvæmdatíma en litlar líkur eru á að það ónæði verði verulegt. Ekki liggur fyrir nákvæmlega hvaða starfsemi muni fara fram á hafnarsvæði 2. áfanga, en framkvæmdaraðili telur ekki líklegt að starfsemi hafnarsvæðisins muni kalla á aukna vöruflutninga. Vegna fjarlægðar hafnarsvæðisins frá byggð, er ekki talið að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á íbúa nærliggjandi svæða. Fram kemur að í hólmunum í landi Hólma, sem sé í um 4 km fjarlægð frá hafnarmannvirkjum er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði sem hafi verið skilgreint svo vegna lundavarps. Ekki er talið að framkvæmdir á hafnarsvæðinu hafi áhrif á fuglalíf í hólmunum vegna fjarlægðar.

### 3.4.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Hávaði mun verða vegna niðurreksturs stálþils en ekki eru líkur á að þær framkvæmdir valdi ónæði í næstu íbúðarbyggð eða í þéttbýlinu á Reyðarfirði sem er í 3,5 km fjarlægð. Íbúar á Reyðarfirði kunna að verða fyrir tímabundnu ónæði á framkvæmdatíma vegna efnisflutninga en ekki er ljóst hvort að starfsemi sú sem fyrirhuguð er á hafnarsvæði 2. áfanga komi til með að auka vöruflutninga og almennt umferð stórra flutningabifreiða. Ólíklegt er að neikvæð áhrif af völdum ónæðis eða hávaða verði veruleg en hugsanlegt er að fuglar almennt verði fyrir tímabundnu ónæði vegna hávaða frá framkvæmdum og þá einkum við niðurrekstur stálþilsins.

## 4 Skipulag og leyfi

Framkvæmdir skv. 2. áfanga eru í samræmi við sýn og hlutverk Mjóeyrarhafnar í nýlega staðfestu Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 og í samræmi við Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040. Nýtt deiliskipulag Mjóeyrarhafnar sem tekur m.a. til 2. áfanga verður auglýst á næstunni. Framkvæmdir skv. 2. áfanga eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og varp dýpkunarefna í hafið krefst leyfis Umhverfisstofnunar skv. lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## 5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Fjarðabyggðarhafna um stækkun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.





Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila eru kynntar framkvæmdir við stækkun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði. Úrskurður Skipulagsstofnunar um 1. áfanga hafnarframkvæmda á Mjóeyri lá fyrir árið 2001 en skv. framlögðum gögnum hófust framkvæmdir við 1. áfanga árið 2005 og í framhaldinu var ráðist í landfyllingu skv. 2. áfanga og hafa framkvæmdir við þann áfanga staðið yfir með hléum undanfarin ár án þess að ráðist hafi verið í mat á umhverfisáhrifum og eru framkvæmdir við áfangann komnar vel á veg með gerð 10,6 ha landfyllingu. Skipulagsstofnun telur ámælisvert að framkvæmdir við 2. áfanga stækkunarinnar hafi hafist og séu langt komnar án undangengis mats á umhverfisáhrifum og gerir sú staðreynd það að verkum að umhverfisáhrif eru í mörgum tilfellum komin fram en óljóst er um umfang þeirra, m.a. á lífríki sjávarbotns og sjávar almennt sem og á lífríki fjöru. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á að þannig séu litlar upplýsingar um stöðu lífríkis á sjávarbotni næst Mjóeyrarhöfn frá því að hafnarstarfsemi hófst og engin vöktun á áhrifum af starfsemi m.t.t. mengunar sjávar hefur farið fram. Fyrir liggur að Fjarðabyggðarhafnir hyggjast ráðast í frekari stækkun Mjóeyrarhafnar skv. 3. og 4. áfanga og gera ráð fyrir að skila inn matsáætlun til Skipulagsstofnunar um þær framkvæmdir á næstunni. Framkvæmdaraðili fór þess á leit við Skipulagsstofnun að ljúka við mat skv. 2. áfanga í stað þess að meta umhverfisáhrif af öllum þremur áföngunum saman þar sem mikilvægt væri að geta klárað framkvæmdir skv. 2. áfanga sem fyrst. Rannsóknir á botndýralífi á framkvæmdasvæði ofangreindra áfanga eru þegar hafnar á vegum Náttúrustofu Austurlands. Miðað við þá sérstöku stöðu sem er fyrir hendi í þessu máli telur Skipulagsstofnun að gera þurfi ráð fyrir að áætlun um vöktun sé birt fyrir alla 3 áfangana í umhverfismatsskýrslu 3. og 4. áfanga sem tæki þá mið af rannsóknum Náttúrustofu Austurlands. Þær rannsóknir munu gefa upplýsingar um stöðu lífríkisins og mögulega hvort eða hvaða breytingar hafa átt sér stað síðan framkvæmdir og rekstur Mjóeyrarhafnar og álvers Alcoa Fjarðaáls hófst. Meðal annars þurfa að koma fram upplýsingar um hvort framandi, ágengar tegundir sé að finna í og við Mjóeyrarhöfn og upplýsingar um ástand sjávar á og við hafnar svæði m.t.t. mengunar. Á grunni þeirra væri unnt að leggja mat á hugsanleg áhrif á lífríki sjávarbotns sem þegar hafa orðið og áhrif sem munu verða vegna fyrirhugaðra framkvæmda við 3. og 4. áfanga.

Með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan er ljóst að erfitt er um vik að leggja mat á vægi og umfang umhverfisáhrifa framkvæmda vegna 2. áfanga, m.a. á lífríki sjávarbotns og fjöru. Þá hefur mjög mikið efni verið flutt í landfyllingu sem komið hefur víðs vegar að m.a. úr námu á hafsbótnei við Eyri í Reyðarfirði og námu í Ljósá og fyrirhuguð er efnistaka vegna dýpkunar í Eskifirði en í þessum tilfellum hefur efnistaka þegar hlotið málmeðferð skv. lögum um umhverfismat. Varðandi áhrif á aðra umhverfisþætti þá var ekki talin ástæða til að fá fornleifafræðing til vettvangsskoðunar þar sem nú þegar hefur svæði, þar sem fornleifa kynna að vera að vænta, verið raskað með landfyllingu. Ljóst er að hávaði mun verða vegna niðurreksturs stálþils en ekki eru líkur á að þær framkvæmdir valdi ónæði í næstu íbúðarbyggð eða í þéttbýlinu á Reyðarfirði sem er í 3,5 km fjarlægð. Í um 4 km fjarlægð er skilgreint mikilvægt fuglasvæði í Hólmunum og er hugsanlegt að fuglar almennt verði fyrir tímabundnu ónæði vegna hávaða frá þeim framkvæmdum. Þá liggur fyrir að frekari framkvæmdir skv. 2. áfanga munu að einhverju leyti auka manngert yfirbragð þessa hluta Reyðarfjarðar en ljóst er að neikvæð áhrif á náttúrulegt landslag eru að mestu leyti þegar komin fram vegna hafnarframkvæmda við 1. áfanga og álversmannvirkja.

Reykjavík, 4. nóvember 2022

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

202207022